

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 6. desember 2016
UST201611-080/K.S.J.
10.04.03

Efni: Rangárþing ytra. Tillaga að deiliskipulagi spildu fyrir frístundahús í landi Ægissíðu 2

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 2,1 ha spildu úr landi Ægissíðu 2.


Skipulagssvæðið


Fram kemur í tillögunni að deiliskipulagið nær yfir um 2,1 ha landspildu úr landi Ægissíðu 2. Deiliskipulagið tekur til nýrrar frístundalóðar við Rangárstíg og byggingar frístundahúss, gestahúss og gróðurhúss. Á svæðinu eru 8 lóðir og frístundahús á þeim öllum.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að aðgengi almennings verður meðfram Rangá ytri á lóð nr. 9.

Á skipulagssvæðinu eru hvorki friðlýst svæði né aðrar náttúru-minjar á náttúru-minjaskrá og þar eru ekki jarðmyndanir eða vistgerðir er njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri